

Rangárþing eystra  
Austurvegur 4  
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 20. desember 2023  
Málsnúmer: 202310-0039  
BK/SS

## Efni: Umsögn um tillögu á vinnslustigi fyrir breytingu á aðalskipulagi fyrir Steina 1.

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi eystra sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 24. október 2023. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 vegna breyttrar landnotkunar á hluta jarðarinnar Steinar 1 og lóðarinnar Hvassafell 2 undir Eyjafjöllum.

Stefnt er að umtalsverðri uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði á Steinum 1, m.a. á gisti- og veitingaþjónustu og baðtengdri afþreyingu. Skipulagssvæðið er að stórum hluta skilgreint sem landbúnaðarland, tún að hluta og framræst votlendi. Áætlað skipulagssvæði er stórt eða rúmum 107 hektarar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna og væntanlegt deiliskipulag þann 10. maí 2023. Í þeirri umsögn komu fram þær ábendingar að fyrirhuguð skipulagsbreyting myndi fela í sér umtalsvert rask á bæði vistgerðum með hátt verndargildi sem og búsvæðum vaðfugla. Aukin umferð um svæðið vegna áætlaðrar uppbyggingar gæti einnig valdið truflunum fyrir fuglalíf Holtsóss sem er mikilvægur dvalarstaður álfta og gæsa og er undir hverfisvernd. Mælti Náttúrufræðistofnun með því að fara ætti í rannsóknir á bæði gróðurfari og fuglalífi og að kanna þyrfti hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnist.

Í greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulagi er ekki að sjá að farið hafi fram athuganir á lífríki svæðisins líkt og Náttúrufræðistofnun hafði mælt með. Vill stofnunin ítreka mikilvægi þess að til staðar séu góðar upplýsingar úr athugunum á lífríki áður en uppbygging er skipulögð frekar þannig að hægt sé að taka tillit til þess við útfærslu og aðra ákvarðanatöku. Það er sérstaklega mikilvægt þegar um svo stórt svæði er að ræða sem vitað er að sé mikilvægt fyrir fuglalíf. Fram kemur ítrekað í greinargerðinni að svæðið sé mikilvægt fyrir fugla og að taka eigi tillit til þess, en það er erfitt án upplýsinga um hvar og hvernig fuglar nýta svæðið. Það skiptir einnig máli þegar kemur að skipulagi endurheimtar votlendis sem stefnt er að sem er mjög jákvæð og mikilvæg mótvægisáðgerð. Miðað við eðli svæðisins, s.s. landfræðilega legu, grófa kortlagningu vistgerða o.fl. er ekki ólíklegt að fuglalíf sé sambærilegt við það sem er í Mýrdal við Dyrhólaós. Þar var fuglalíf nýlega kannað og reyndist afar mikið og fjölbreytt. Þar fundust einnig sjaldgæfar plöntutegundir, sem sumar eru á valista. Nauðsynlegt er að kanna hvort þær finnist á svæðinu og vernda vaxtarstaði þeirra fyrir raski.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er umfang áætlaðrar uppbyggingar úr hófi fram í ljósi áætlaðs verndargildis náttúru, og í of mikilli nálægð við Holtsós. Í það minnsta 200 metra verndarjaðar ætti að vera frá ósnum til að tryggja að fuglalíf þar verði ekki fyrir óásættanlegri truflun á framkvæmda- og rekstartíma. Þá er uppbyggingin mjög dreifð um svæðið sem eykur umfang rasks og uppbot á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum fugla. Betra væri að



skipuleggja uppbyggingu á afmarkaðara svæði, helst í austurhlutanum fjær Holtsósnum. Grundvallaratriði er að það sé gert með sem bestar upplýsingar um náttúru svæðisins.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar varðandi gagnaöflun um náttúru svæðisins sem og um skipulagið almennt og ítrekar álit sitt um að stíga þurfi varlega til jarðar við uppbyggingu á svæðinu. Stofnunin áskilur sér einnig rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

